

Nefndasvið Alþingis

B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar

Hvalfjarðarsveit 17. febrúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga), 378. mál.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur á öllum stigum málsins mótmælt framkomnum hugmyndum um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga og setningu laga um lágmarksfjölda íbúa. Virða skal lýðræðislegan rétt íbúa óháð stærð sveitarfélaga enda verður ekki með góðu móti séð hvernig það að festa íbúafjölda við 1.000 íbúa lágmark hafi nokkur teljandi áhrif á sjálfbærni eða aukinn styrk sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar leggst gegn því að beitt sé lögþvingunum með lágmarksíbúafjölda til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi og því til frekari rökstuðnings vísar sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar til innsendrar umsagnar Óskars Sigurðssonar hrl. hjá LEX lögmannsþjónustu.

Undanfarin misseri hefur hópur minni sveitarfélaga unnið að tillögu í því skyni að hún gæti komið í stað íbúalágmarks en um leið orðið til styrkingar og eflingar sveitarstjórnarstigsins, ekki hvað síst með sameiningum. Tillaga þessi var send til umhverfis- og samgöngunefndar þann 15. febrúar sl. og mælist sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar eindregið til þess að hún verði sett í lög í stað íbúalágmarksins. Tillagan er lögð fram í þeim tilgangi að ná sátt um hið mikilvæga mál sem efling sveitarfélaga er, til heilla fyrir alla íbúa landsins. Með tillögunni telur sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að íbúalýðræði og sjálfsákvörðunarréttur íbúa sé virtur til blessunar og framdráttar við eflingu sveitarstjórnarstigsins á Íslandi.

Virðingarfyllt,


